

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 30. nóvember 1989

**um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum (þriðja sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)****(89/656/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>, sem lögð var fram í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykka lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt téðri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er varðar öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað <sup>(4)</sup> er kveðið á um samþykkt tilskipunar um notkun persónuhlífa á vinnustöðum.Ráðið tók, í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað <sup>(5)</sup>, tillit til þeirra áforma framkvæmdastjórnarinnar að leggja í náninni framtíð fyrir það lágmarkskröfur um skipulag er varðar öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna er brýnt að farið sé að lágmarkskröfum þeim sem ætlað er að tryggja betur heilsu og öryggi notenda persónuhlífa.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. C 161, 20. 6. 1988, bls. 1,  
Stjútíð. EB nr. C 115, 8. 5. 1989, bls. 27 og  
Stjútíð. EB nr. C 287, 15. 11. 1989, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjútíð. EB nr. C 12, 16. 1. 1989, bls. 92 og  
Stjútíð. EB nr. C 256, 9. 10. 1989, bls. 61.

<sup>(3)</sup> Stjútíð. EB nr. C 318, 12. 12. 1988, bls. 30.

<sup>(4)</sup> Stjútíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjútíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.

Tilskipun þessi er sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(6)</sup>. Því er hægt að beita til fulls ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar, hvað varðar notkun starfsmanna á persónuhlífum, án þess að það brjóti í bága við strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

Tilskipun þessi er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innra markaðarins að veruleika.

Ráðstafanir sem veita almenna vernd skulu teknar fram yfir persónuhlífar. Vinnuveitanda ber skylda til að sjá starfsmönnum fyrir öryggisbúnaði og gera öryggisráðstafanir.

Kröfur þær sem gerðar eru með tilskipun þessari skulu ekki hafa í för með sér að persónuhlífum, sem hannaðar eru og framleiddar í samræmi við þær tilskipanir bandalagsins er tengjast öryggi og hollustu á vinnustöðum, sé breytt.

Kveða ætti á um lýsingar sem aðildarríkin gætu nýtt sér við setningu almennra reglna um notkun persónuhlífa.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1985, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar hún semur tillögur á þessu sviði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

**ALMENN ÁKVÆÐI**

1. gr.

**Efni**

1. Með tilskipun þessari, sem er þriðja sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE frá 12. júní 1989, eru gerðar lágmarkskröfur um persónuhlífar sem

<sup>(6)</sup> Stjútíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjútíð. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

starfsmenn nota við vinnu.

2. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE eru í fullu gildi á öllu því sviði sem um getur í 1. mgr., samanber þó þrengri og/eða sérhæfðari ákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

2. gr.

### Skilgreining

1. Í tilskipun þessari merkir hugtakið persónuhlífar allan búnað sem starfsmanni er gert að klæðast eða halda á sér til verndar gegn einni eða fleiri hættum sem stefnt geta öryggi hans og heilsu í voða, svo og allan viðbótar- eða aukabúnað sem ætlað er að þjóna þessu hlutverki.

2. Skilgreiningin í 1. mgr. nær ekki yfir:

- venjuleg vinnuföt og einkennisbúninga sem ekki er sérstaklega ætlað að vernda öryggi og heilsu starfsmanna;
- búnað sem notaður er af þeim er sinna neyðaraðstoð og björgun;
- persónuhlífar sem notaðar eru af her, lögreglu eða öðrum sem sjá um að halda uppi lögum og reglu;
- persónuhlífar til nota í ökutækjum;
- íþróttabúnað;
- búnað til sjálfsvarnar eða viðvörunar;
- færanlegan búnað til að finna og gera vart við hættur eða hluti sem geta valdið óþægindum.

3. gr.

### Almenn regla

Nota skal persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd, eða með ráðstöfunum, aðferðum eða tilhögun við skipulagningu vinnunnar.

## II. ÞÁTTUR

### SKYLDUR VINNUVEITENDA

4. gr.

#### Almenn ákvæði

1. Persónuhlífar verða að uppfylla viðeigandi reglur bandalagsins um hönnun og framleiðslu að því er varðar öryggi og hollustu.

Allar persónuhlífar verða að:

- henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða, án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu;
- hæfa ríkjandi aðstæðum á vinnustað;
- miðast við vinnuvistfræðilegar kröfur og heilsu starfsmannsins;
- vera mátulegar fyrir þann sem þær ber, er þær hafa verið stilltar eftir því sem nauðsyn krefur.

2. Þegar áhætta er þess eðlis að starfsmaður þarf að bera fleiri en eina gerð persónuhlífa samtímis, verða slíkar hlífar að falla hver að annari þannig að þær veiti ekki minni vernd en áður.

3. Ákvarða skal við hvaða skilyrði ber að nota persónuhlífar á grundvelli þess hve mikil áhættan er, hve oft menn þurfa að starfa við hana, aðbúnaðar hvers og eins starfsmanns við vinnu, svo og þess hversu mikla vernd persónuhlífarar veita.

4. Persónuhlífar eru eðli sínu samkvæmt ætlaðar til einstaklingsnota.

Ef aðstæður krefjast þess að persónuhlífar séu notaðar af fleiri en einum manni, skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að slík notkun hafi ekki skaðleg áhrif á notendur hvað varðar heilsu og hreinlæti.

5. Séð skal fyrir nægilegum upplýsingum um hverja gerð persónuhlífa, sem kröfur eru gerðar um samkvæmt 1. og 2. mgr., og þær hafðar handbærar innan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar.

6. Vinnuveitandi skal láta persónuhlífar í té endurgjalds-laust og tryggja, með nauðsynlegu viðhaldi, viðgerðum og endurnýjun, að þær séu í góðu lagi og svo hreinar að fullnægjandi teljist.

Einstökum aðildarríkjum er þó heimilt að kveða á um, í samræmi við innanlandsvenjur, að starfsmaður taki þátt í kostnaði við vissar tegundir persónuhlífa séu þær ekki eingöngu notaðar á vinnustaðnum.

7. Vinnuveitandi skal upplýsa starfsmann fyrirfram um þá hættu sem persónuhlífum er ætlað að vernda hann gegn.

8. Vinnuveitandi skal sjá til þess að starfsmaður fái þjálfun og, ef við á, sýnikennslu í notkun persónuhlífa.

9. Persónuhlífar er einungis heimilt að nota í því skyni sem tilgreint hefur verið, nema við sérstakar aðstæður sem heyra til undantekninga.

Nota verður þær í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

Slíkar leiðbeiningar þurfa að vera starfsmönnum skiljanlegar.

5. gr.

### Mat á persónuhlífum

1. Áður en persónuhlífar eru valdar þarf vinnuveitandi að meta hvort þær persónuhlífar sem hann hyggst nota fullnægi kröfunum í 1. og 2. mgr. 4. gr.

Mat þetta skal fela í sér:

- a) að áhætta sem ekki er hægt að forðast með öðru móti sé greind og metin;
- b) að þeir eiginleikar, sem persónuhlífar þurfa að hafa til að koma að gagni sem vörn gegn áhættu þeirri sem um getur í a-lið, séu skilgreindir, og sé þar tekið mið af hvers kyns áhættu sem hlífarnar sjálfar kunna að hafa í för með sér;
- c) að þær gerðir persónuhlífa, sem fáanlegar eru og hafa þá eiginleika sem um getur í b-lið, séu bornar saman.

2. Mat það sem kveðið er á um í 1. mgr. skal endurskoða ef einhverjum grunnþáttum þess er breytt.

6. gr.\*

### Reglur um notkun

1. Með fyrirvara um 3., 4. og 5. gr. skulu aðildarríkin tryggja að almennar reglur séu settar um notkun persónuhlífa og/eða reglur um tilvik og aðstæður þar sem vinnuveitanda er skylt að láta persónuhlífar í té, og skal tekið mið af löggjöf bandalagsins um frjáls viðskipti með slíkar hlífar.

Í reglum þessum skal einkum tekið fram við hvaða kringumstæður eða hvers kyns áhættu nota verður persónuhlífar, samanber þó þann forgang sem ráðstafanir til almennrar verndar eiga að hafa.

Í I., II. og III. viðauka, sem hafa má til viðmiðunar, er að finna hagnýtar upplýsingar um hvernig setja ber reglur af þessu tagi.

2. Þegar aðildarríki breyta reglunum sem um getur í 1. mgr., skulu þau taka mið af öllum umtalsverðum

breytingum sem orðið hafa á áhættu, ráðstöfunum til almennrar verndar og persónuhlífum vegna tækniframfara.

3. Aðildarríkin skulu ráðfæra sig við samtök vinnuveitenda og starfsmanna um reglurnar sem um getur í 1. og 2. mgr.

7. gr.

### Upplýsingar til starfsmanna

Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem gripið verður til á sviði öryggis og heilsu starfsmanna er þeir nota persónuhlífar á vinnustöðum.

8. gr.

### Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð í samræmi við 11. grein tilskipunar 89/391/EBE á því sviði sem tilskipun þessi tekur til, að viðaukum meðtöldum.

III. ÞÁTTUR

### ÝMIS ÁKVÆÐI

9. gr.

### Breytingar á viðaukum

Breytingar á I., II. og III. viðauka, af tæknilegum toga einvörðungu, vegna:

- samþykktar tilskipana um tæknilega samhæfingu og stöðlun persónuhlífa, og/eða
- tækniframfara, breytinga á alþjóðlegum reglugerðum eða tækniforskriftum og reynslu af persónuhlífum,

skal samþykkja í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

10. gr.

### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

\* Sjá orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB nr. C 328, 30. 12. 1989, bls. 3).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr þeim lögum sem sett eru eða hafa þegar verið sett á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fimmta hvert ár um hver reynslan hefur orðið af framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar, þar sem fram komi sjónarmið vinnuveitenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, um þessi efni.

4. Framkvæmdastjórnin skal reglulega leggja skýrslu um

framkvæmd þessarar tilskipunar fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr.

*11. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1989.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J.-P. SOISSON

*forseti.*



## II. VIÐAUKI

## SKRÁ TIL LEIÐBEININGAR VEGNA PERSÓNUHLÍFA

## HÖFUÐHLÍFAR

- Öryggishjálmar til notkunar við námuvinnu, byggingarvinnu og öðrum greinum framleiðslu og iðnaðar.
- Létt höfuðföt (hattar, húfur, hárnét — með eða án skyggis).
- Höfuðhlífar (húfur, kaskeiti, sjóhattar o.þ.h. úr ofnu efni, ofnu efni með vatnspéttingu o.s.frv.).

## HEYRNARHLÍFAR

- Eyrnatappar og áþekkur búnaður.
- Hjálmar sem ná niður fyrir eyru.
- Eyrnahlífar til festingar á öryggishjálma.
- Eyrnahlífar með viðtæki fyrir lágtíðnispanlykkju.
- Heyrnarhlífar með kallkerfisbúnaði.

## AUGN- OG ANDLITSHLÍFAR

- Gleraugu á spöngum.
- Hlífðarglæraugu sem falla þétt að.
- Hlífðarglæraugu gegn röntgengeislum eða leysigeislum, eða gegn útfjólublárrí, innrauðri eða sýnilegri geislun.
- Andlitshlífar.
- Rafsuðugrímur og -hjálmar (grímur bornar í hendi eða festar með höfuðbandi eða grímur til festingar á öryggishjálmi).

## ÖNDUNARFÆRAHLÍFAR

- Öndunargrímur með ryksíum, gassíum eða síum fyrir geislavirkt ryk.
- Grímur með loftbirgðum, einangruðum frá umhverfinu (ferskloftgrímur).
- Öndunarhlífar með rafsuðugrímu sem taka má af.
- Köfunarbúnaður.
- Kafarabúningar.

## HANDA- OG HANDLEGGJAHLÍFAR

- Hanskar:
  - til hlífðar gegn viðkomu (stungu, skurði, titringi o.þ.h.),
  - til hlífðar gegn efnaáhrifum,
  - fyrir rafvirkja og til hlífðar gegn varmaáhrifum.
- Lúffur.
- Fingurbjargir.
- Hlífðarermar.
- Úlniðsstoðir.
- Griffur.
- Hlífar fyrir lófa og þumalfingur.

## HLÍFAR FYRIR FÆTUR OG FÓTLEGGI

- Lágir skór, ökklaháir skór, hálfstígvél, öryggisskór.
- Skór sem hægt er að reima eða krækja frá í skyndi.

- Skór með távörn.
- Skór eða skóhlífar með hitavarnarsóla.
- Skór, stígvél og stígvélahlífar til varnar gegn hita.
- Skór, stígvél og stígvélahlífar til varnar gegn kulda.
- Skór, stígvél og stígvélahlífar til varnar gegn titringi.
- Skór, stígvél og stígvélahlífar til sem veita vernd gegn stöðurafmagni.
- Skór, stígvél og stígvélahlífar með einangrun.
- Hlífðarstígvél fyrir vinnu með keðjusög.
- Tréskór.
- Hnéhlífar.
- Ristarhlífar sem taka má af.
- Legghlífar.
- Sólar sem taka má af (og veita hitavörn, stunguvörn eða svitavörn).
- Mannbroddar til notkunar á ís, snjó eða sleipu undirlagi.

#### HÚÐVÖRN

- Hlífðarkrem eða –smyrsl.

#### VÖRN FYRIR BOL OG KVIÐ

- Hlífðarvesti, jakkar eða svuntur til varnar gegn viðkomu (stungum, skurði, skvettum af bráðnum málmi o. s. frv.).
- Hlífðarvesti, jakkar eða svuntur til varnar efnaáhrifum.
- Hitavesti.
- Björgunarbelti.
- Svuntur til varnar gegn röntgengeislum.
- Nýrnabelti.

#### TIL VARNAR ÖLLUM LÍKAMANUM

##### — Fallvörn

- Búnaður til að koma í veg fyrir fall (allur búnaðurinn, með öllum nauðsynlegum aukahlutum).
- Stöðvunarbúnaður sem tekur upp hreyfiorku (allur búnaðurinn, með öllum nauðsynlegum aukahlutum).
- Öryggisbelti sem koma í veg fyrir fall.

##### — Hlífðarfatnaður

- Hlífðarbúningar til öryggis við vinnu (tvískiptir eða samfestingar).
- Klæðnaður til verndar gegn viðkomu (stungum, skurði o. s. frv.).
- Klæðnaður til verndar gegn áhrifum efna.
- Klæðnaður til hlífðar fyrir bráðnum málmskvettum og innrauðri geislun.
- Klæðnaður til hlífðar gegn hita.
- Klæðnaður til hlífðar gegn kulda.
- Klæðnaður til varnar gegn geislavirkni.
- Klæðnaður til hlífðar gegn ryki.
- Klæðnaður til varnar gegn gastegundum.
- Klæðnaður og búningshlutar úr áberandi lituðu flúrljómandi efni eða endurskinsefni.
- Hlífðarteppi.

## III. VIÐAUKI

**SKRÁ TIL LEIÐBEININGAR VEGNA STARFA OG STARFSSVIÐA ÞAR  
SEM NAUÐSYNLEGT GETUR REYNST AÐ NOTA PERSÓNUHLÍFAR**

## 1. HÖFUÐHLÍFAR (TIL VERNDAR HÖFUÐKÚPU)

**Öryggishjálmar**

- Byggingarvinna, sérstaklega vinna á vinnuþöllum eða upphækkunum, undir þeim eða hjá þeim, upp-sláttur og frásláttur móta, vinna við uppsetningu á búnaði og innréttingum, pallavinna og niðurrif.
- Vinna við stálbrýr, á stálgrindum bygginga, við möstur, turna, vatnsvirki úr stáli, málmbræðslu, stál-bræðslu og völsun, stóra geyma og leiðslulagnir, hitakatla og orkuver.
- Vinna í gryfjum, skurðum, stokkum og göngum.
- Malar- og grjótnám.
- Vinna við jarðefnatekju ofan- eða neðanjarðar eða í opnum gryfjum, kolanám.
- Vinna með naglabyssum og hnoðverkfærum.
- Sprengivinna.
- Vinna í grennd við lyftur og lyftibúnað, krana og færibönd.
- Vinna við málmbræðslu, við málmvinnslu með afoxun, stálbræðslu eða völsun, á málmsmíðaverkstæð-um, í eldsmiðjum og málmsteypum.
- Vinna við verksmiðjuofna, geyma, vélar, í geymslum og byrgjum, og við rörlagnir.
- Skipasmíðar.
- Röðun á járnbrautarvögnum.
- Sláturhúsavinna.

## 2. HLÍFAR FYRIR FÆTUR

**Öryggisskór með stálsóla**

- Vinna við uppslátt, grunna eða kjallara og vegalagning.
- Vinna á vinnuþöllum.
- Vinna við niðurrif.
- Steypuvinna og vinna við byggingareiningar þar sem uppsláttur og frásláttur móta fer fram.
- Vinna á athafnasvæðum verktaka og lagervinna.
- Vinna á þökum.

**Öryggisskór án stálsóla**

- Vinna við stálbrýr, á stálgrindum bygginga, við möstur, turna, lyftur, vatnsvirki úr stáli, málmbræðslu, stálbræðslu og völsun, stóra geyma og leiðslulagnir, lyftikrana, hitakatla og orkuver.
- Ofnsmíði, vinna við hitalagnir og loftstokka, og vinna við samsetningu á málmeiningum.
- Viðhald og breytingar á mannvirkjum.
- Vinna við málmbræðslu, við málmvinnslu með afoxun, stálbræðslu eða völsun, á málmsmíðaverkstæð-um, í eldsmiðjum, og við heitpressun og þráðdrátt.
- Vinna við jarðefnatekju í opnum námum eða gryfjum, kolanám.
- Grjótnám og steinhögg.
- Framleiðsla, meðferð og vinnsla á glerplötum og glerflátum.
- Meðhöndlun á mótum til leirbrennslu.
- Fóðrun, fylling og tæming á leirbrennsluofnum.

- Mótunarvinna í leirbrennsluiðnaði og við framleiðslu á byggingarefnum.
- Vinna við flutninga og í vöruskemmum.
- Meðhöndlun á frystum kjötblokkum og ílátum til varðveislu á matvælum.
- Skipasmíðar.
- Röðun á járnbrautarvögnum.

#### **Öryggisskór með hæl eða tökkum og stálsóla**

- Vinna á þökkum.

#### **Öryggisskór með varmaeinangrunarsóla**

- Vinna á mjög heitum eða mjög köldum flötum, og með mjög heit eða köld efni.

#### **Öryggisskór sem auðvelt er að fara úr**

- Þar sem hætta er á að bráðin efni flæði um.

### 3. AUGN- EÐA ANDLITSHLÍFAR

#### **Hlífðargleraugu, gríma eða önnur andlitsvörn**

- Suðuvinna, slípun og sögun.
- Sprungufylling og meitlun.
- Steinnám og steinhögg.
- Vinna með naglabyssum og hnoðverkfærum.
- Vélhreinsun á efni sem flísast úr við vinnslu.
- Eldsmíði.
- Mulningur og hreinsun á flísam og brotum.
- Sandblástur.
- Vinna með sýrur og ætandi efni, sóthreinsunarefni og tærandi hreinsiefni.
- Vinna með vökvasprautunartækjum.
- Vinna með bráðin efni og í nálægð þeirra.
- Vinna í hitageislun.
- Vinna við leysigeisla.

### 4. ÖNDUNARFÆRAHLÍFAR

#### **Öndunargrímur eða öndunartæki**

- Vinna í geymum, afluktum rýmum og gaskyntum iðnaðarofnum þar sem loft kann að vera blandað gasi eða súrefni kann að skorta.
- Vinna í námunda við útblástur úr málmbræðslum.
- Vinna í námunda við gaskynta stálgerðarofna og gasleiðslur málmbræðslna.
- Vinna í námunda við ofnventla ef hætta er á þungmálmagufum.
- Vinna við þéttingar í ofnum og málmkerum ef hætta er á ryki.
- Málningarsprautun þar sem loftræsting er ófullnægjandi.
- Vinna í göngum, ræsnum og annars staðar neðanjarðar þar sem fráveituvatn er leitt.
- Vinna þar sem frysting fer fram, ef hætta er á að kæliefni leki út.

### 5. EYRNAHLÍFAR

#### **Eyrnaskjól**

- Vinna við málmþessur.
- Vinna með loftbor.

- Störf hlaðmanna á flugvöllum.
- Vinna við að koma fyrir stálþiljum.
- Vinna í trésmíða- og vefnaðariðnaði.

#### 6. HLÍFAR FYRIR BOL, HANDLEGGI OG HENDUR

##### **Hlífðarfatnaður**

- Vinna með sýrur og ætandi efni, sóttþreinsunarefni og tærandi hreinsiefni.
- Vinna með heit efni eða í nálægð slíkra efna, og þar sem hiti er mikill.
- Vinna við glerplötuframleiðslu.
- Sandblástur.
- Störf í frystiklefum.

##### **Eldþolinn hlífðarfatnaður**

- Rafsuða í afluktu rými.

##### **Brynsvuntur**

- Úrbeining og kjötskurður.
- Vinna þar sem hnífur er dreginn í átt að líkamanum.

##### **Leðursvuntur**

- Rafsuða.
- Eldsmíði.
- Málmsteypa.

##### **Hlífur á framhandlegg**

- Úrbeining og kjötskurður.

##### **Hanskar**

- Rafsuða.
- Mehöndlun á hlutum með hvassar brúnir, þó ekki ef unnið er við vélar þar sem hanski getur fest.
- Vinna við sýrur eða ætandi efni.

##### **Hanskar úr málmneti**

- Úrbeining og kjötskurður.
- Vinna þar sem hnífur er notaður reglulega við framleiðslu eða slátrun.
- Þegar skipt er um hnífa í skurðarvéllum.

#### 7. HLÍFÐARFATNAÐUR GEGN VEDRI

- Útvinna í regni og kulda.

#### 8. FÖT ÚR ENDURSKINSEFNI

- Vinna þar sem starfsmenn verða að sjást greinilega.

#### 9. FALLVÖRN (ÖRYGGISBELTI)

- Vinna á vinnuþöllum.
- Vinna við uppsetningu á fyrirframgerðum byggingareiningum.
- Vinna við möstur.

## 10. ÖRYGGISLÍNUR

- Vinna í stjórnklefum lyftikrana hátt yfir umhverfinu.
- Vinna við stjórn hárra gaffallyftara.
- Vinna uppi í borturnum.
- Vinna í göngum og ræsum.

## 11. HÚÐVÖRN

- Meðhöndlun á húðunarefnum.
  - Sútun.
-